

Koma gögnum og þekkingu til skila til að ná umhverfis- og loftslagsmarkmiðum Evrópu

Stefna EEA-Eionet 2021–2030



Kápuhönnun: PomilioBlumm
Forsíðumynd: PomilioBlumm
Umbrot: PomilioBlumm - EEA

Lagaleg tilkynning

Innihald þessarar útgáfu endurspeglar ekki endilega opinberar skoðanir framkvæmdastjórnar ESB eða annarra stofnana Evrópusambandsins. Hvorki Umhverfisstofnun Evrópu né neinn einstaklingur eða fyrirtæki sem starfar fyrir hönd stofnunarinnar bera ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem kunna að vera að finna í þessari skýrslu.

Höfundarréttur

© Umhverfisstofnun Evrópu, 2021.
Afritun er heimil að því gefnu að heimildin sé gefin upp.
Lúxemborg: Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2021.

Nánari upplýsingar um Evrópusambandið er að finna á Internetinu (<http://europa.eu>)

ISBN 978-92-9480-360-3
doi: 10.2800/92395

Um EEA og Eionet

Umhverfisstofnun Evrópu (EEA) er stofnun innan Evrópusambandsins. Verkefni okkar er að veita traustar, sjálfstæðar upplýsingar um umhverfið og loftslagið. Reglugerðin um stofnun EEA var samþykkt af Evrópusambandinu árið 1990 og stofnunin hóf starfsemi sína í Kaupmannahöfn árið 1994. Með reglugerðinni var einnig Evrópska upplýsinga- og athugunarnet umhverfisins (Eionet) stofnað. Eionet er samstarfsnet EEA og aðildarríkja þess og samstarfsríkja. Eionet nær einnig til Evrópskra málefna miðstöðva (e. European Topic Centres) - félag um samvinnu Evrópskra samtaka með sérþekkingu á tilteknum umhverfissvæðum, sem styðja EEA og aðildarríki Eionet.

Til að styðja við stefnumótun í Evrópu vinnum við náið með ríkis- og Evrópu stofnunum, einkum framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþinginu og ráði Evrópusambandsins.

eea.europa.eu/about-us

Umhverfisstofnun Evrópu
Kongens Nytorv
1050 Kaupmannahöfn K
Danmörk

Sími: +45 33 36 71 00
vefsíða: eea.europa.eu/is

Koma gögnum og þekkingu til skila til að ná umhverfis- og loftslagsmarkmiðum Evrópu

Stefna EEA-Eionet 2021–2030



Þetta skjal kynnir framtíðarsýn og stefnumarkandi markmið sem munu móta störf Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsku upplýsinga- og eftirlitsnetsins á sviði umhverfismála (e. European Environment Agency and European Environment Information and Observation Network) næstu áratugin. Vinnan verður unnin á vinnusvæðunum fimm sem tilgreind eru í skjalinu. Ítarlegri upplýsingar um áþreifanlega starfsemi verða veittar í samræmdu áætlunarskjölum (e. Single Programming Documents).

Umhverfisstofnun Evrópu og Evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála

Að veita gagnreynda þekkingu á umhverfi og loftslagi Evrópu

Um okkur

Umvhverfisstofnun Evrópu (EEA) og Evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála (Eionet) hafa veitt evrópskum borgurum og stefnumótendum gögn og upplýsingar um umhverfi og loftslag Evrópu síðan 1994. Í dag tengir viðamikil tengslanet okkar hundruð stofnana frá 38 aðildarríkjum og samstarfsríkjum.

Þekkingargrunnurinn sem við höfum búið okkur til er breiður, allt frá því að deila loftgæðamælingum í nær rauntíma frá allri Evrópu til að skrasetja þróun og áætlanir um losun gróðurhúsalofttegunda, veita gervihnattagögn um landþekju og skila samþætту mati á stöðu umhverfis og loftslagi í Evrópu.

Hvað gerir EEA-Eionet einstakt?

- **Tengslanet sem einbeitir sér að því að auka gildi:** Það tengir saman stofnanir um alla Evrópu og skilar viðmiðun, byggir upp getu, hagræðir sem og skiptist á góðum starfsvenjum.
- **Stoðkerfisgögn:** Frumleg stoðkerfi rafrænnar skýrslugerðar fyrir innlent og alþjóðlegt gagnafæði, stutt af gæðatryggingarferlum.
- **Þekking studd af gögnum:** Samanstætt mat, vísar og framfarir að markgreiningum með því að nota víðtækustu og nýjustu gagnasöfnunina um umhverfis- og loftslagsmál.
- **Stefnustuðningur:** Rótgróið hlutverk þekkingar sem byggir á nánu samstarfi við stefnumótendur víða í Evrópu og stuðlar að lykilþróunarferlum á heimsvísu.
- **Sundurgreinanleg sérþekking:** Geta til að meta framfarir, horfur, örva breytingar og hugsanleg viðbrögð við stefnu, sem fjalla um fjölmörg umhverfis- og loftslagsmál.

Að bregðast við áskorunum sem eru fram undan

Að byggja upp seiglu krefst metnaðarfullrar stefnu sem studd er af hagnýtri þekkingu

Á næsta áratug mun Evrópa þurfa að takast á við fordæmalaugar umhverfis- og loftslagsáskoranir og á sama tíma örva bata frá efnahagslegum og félagslegum áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins. Græna samkomulagið í Evrópu og tilheyrandi örvunaraðgerðir varðandi grænan bata sýnir þann metnað sem Evrópusambandið og Evrópuríkin hafa til að mæta þessum áskorunum með því að setja langtímamarkmið með áþreifanlegum markmiðum, og koma á fót nýjum fjármálagningum.

Í „Umhverfi Evrópu - ástand og horfur“ skýrslu (e. Europe's environment — state and outlook report (SOER 2020)) EEA var kallað eftir kerfisbundnum viðbrögðum við umhverfis- og loftslagsáskorunum með aðgerðum á nokkrum vígstöðvum. Innleiðing á núverandi umhverfis- og loftslagsstefnu er nauðsynleg til að skila verulegum úrbótum. Einnig, full samþætting markmiða í sjálfbærri félagslegri og hagrænni stefnu og ráðstafanir munu hjálpa til við að ná fram hagkvæmum og réttlátum umskiptum til sjálfbærni. Enn fremur, þá þarf Evrópa einnig að skapa forsendur fyrir sjálfbærum lífsháttum. Þetta kallar á betri almenningsvitund um áhrif neyslu sem og þátttöku fyrirtækja til að styðja við nauðsynlegar umbreytingar. Mörgum markmiðum verður ekki náð nema með samræmdri, alþjóðlegri viðleitni og því þarf Evrópa að beita áhrifum sínum á grannsvæðin, sem og á heimsvísu.


Val sem stefnumótandi aðilar, fyrirtæki og borgarar taka á komandi áratug munu skera úr um hvenær og hvernig Evrópa mun ná markmiðum sínum. Stefna EEA-Eionet 2021-2030 mun styðja þessar ákvarðanir með því að koma þekkingu um þróun, horfur og lausnir fyrir sjálfbærninni Evrópu til skila.

Stóra gagnasprengingin

- Loft og loftslag
- Sjálfbærni og vellíðan
- Náttúran
- Meira en eitt umhverfismál

Notum 2002 sem upphafspunkt (stofnun Reportnet), þá sýnir þessi sjónsköpun stöðugan vöxt á gögnum sem berast um fjögur umhverfismál.

Í dag meðhöndlum við hátt í 250 sinnum meiri gögn en árið 2002.



Stefna EEA-Eionet 2021-2030

Koma gögnum og þekkingu til skila til að ná umhverfis- og loftslagsmarkmiðum Evrópu

Þetta viljum við afreka: Sýn fyrir árið 2030

EEA og Eionet munu gera sjálfbærri Evrópu kleift, með traustri og hagnýtri þekkingu, að taka upplýstar ákvarðanir um forgangsröðun og lausnir, í takt við stefnumótunarmetnað Evrópu.

Ná til annarra en meðlima Eionet

Metnaður Græna samkomulagsins í Evrópu krefst þess að Evrópa vinni á heimsvísu, með nágrönnum sínum og samstarfsaðilum. Við munum virkja sérþekkingu og úrræði til stuðnings þessum metnaði, sérstaklega í löndum á Vestur-Balkanskaga og í næsta nágrenni við Evrópu.

Umhverfis- og loftslagsstefnumarkmið Evrópu

Að takast á við umhverfis- og loftslagsáskoranir er það sem skilgreinir verkefni okkar tíma. Að ná fram sjálfbærni framtíð, þá munu stefnumótandi frumkvæði, þar með talið Græna samkomulagið í Evrópu, kalla eftir aðgerðum undir eftirfarandi fyrirsögnum:

- Stöðva tap á líffræðilegum fjölbreytileika og endurheimta vistkerfi
- Afreka núll losun gróðurhúsalofttegunda árið 2050 og loftslagsseiglu
- Afreka núll-mengunartakmarki fyrir umhverfi laust við eiturefni
- Afreka auðlindanýtni í hringlaga hagkerfi
- Almenn sjálfbærni í öllum stefnum ESB

Við munum gegna því meginhlutverki að styðja umhverfis- og loftslagsaðgerðir samkvæmt þessum lykilstefnumörkum Evrópu og með framkvæmd 8. aðgerðaáætlunarinnar í umhverfismálum (e. 8th Environment Action Programme).

Við munum sömuleiðis styðja viðleitni á heimsvísu, þar með talið stefnumál um sjálfbæra þróun og sjálfbær þróunarmarkmið 2030.

Hvernig vinnum við: Stefnumarkandi markmið

SM1 Stuðningur við framkvæmd stefnu og umbreytingar á sjálfbærni

Framleiða gagnreynda þekkingu til að styðja við innleiðingu stefnu og þróun nýrra verkefna, til að flýta fyrir og auka umskipti til sjálfbærni.

SM2 Setja fram tillögur í tíma varðandi lausnir vegna áskorana í sjálfbærni

Skila markvissum tillögum til að upplýsa um stefnu og opinberar umræður, með því að skipuleggja og miðla þekkingu um viðbrögð, þar á meðal nýjar lausnir við samfélagslegum áskorunum.

SM3 Að byggja upp sterkari tengslanet og samstarf

Styrkja tengslanet okkar með virkari þátttöku á landsvísu og vinna með öðrum leiðandi samtökum til að auðvelda miðlun þekkingar og sérþekkingar.

SM4 Að fullnýta möguleika gagna, tækni og stafrænnar tækni

Taka stafrænni tækni, þar með talið nýrri tækni, stórum gögnum, gervigreind og jarðfjarökunum með opnum örmum, sem mun vera viðbót við, og hugsanlega koma í staðinn fyrir, staðfestar upplýsingaveitur til að styðja betur við ákvarðanatöku.

SM5 Nýta úrræði okkar til að ná sameiginlegum markmiðum

Þróa skipan, sérþekkingu og getu yfir allt tengslanet okkar til að mæta þeim þekkingarþörfum sem eru í þróun, tryggja og auka fjölbreytni í þeim úrræðum þar sem það þarf til að ná fram sameiginlegri framtíðarsýn okkar.

Hvað ætlum við að gera: Vinnusvæði

Við munum skila hagnýtri þekkingu um fimm vinnusvæði. Fjallað verður um framleiðslugeira Evrópu (þ.m.t. landbúnað, skógrækt, sjávarútveg og iðnað) sem og framleiðslukerfi og neyslu (orku, hreyfanleika, matvæli og byggingar) með þessum samtengdu vinnusvæðum:



Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi

Þegar staðið er frammi fyrir áframhaldandi tapi á líffræðilegum fjölbreytileika og niðurbroti vistkerfa, leitast Evrópa við að koma náttúrunni aftur inn í líf okkar. Við munum fylgjast með þessum umskiptum og styðja við framkvæmd og mat á aðgerðum á þessu sviði, þar á meðal þróun náttúrulausna.



Hringlaga hagkerfi og auðlindanotkun

Við munum fylgjast með framvindu Evrópu í átt að hringlaga hagkerfi, og umhverfis og loftslags ávinningi sem hlýst af því. Við munum meta viðleitni Evrópu til að draga úr áhrifum vegna neyslu og framleiðslu samfélagsins á hráefnum, vörum, þjónustu og úrgangi.



Lækkun loftslagsbreytinga og aðlögun

Loftslagsbreytingar eiga sér stað núna og munu halda áfram að eiga sér stað næstu áratugin. Evrópa stefnir að því að ná loftslagshlutleysi fyrir árið 2050 og verða seigari og ekki eins viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum. Við munum fylgjast með þessum umskiptum og styðja við þróun, framkvæmd og úttektum á stefnum og aðgerðum á þessu sviði.



Þróun sjálfbærni, horfur og viðbrögð

Með því að örva grundvallarbreytingar á lífsstíl og neyslu- og framleiðslumynstri sem knýja fram fallvalta þróun getum við náð metnaðarfullum markmiðum okkar. Við munum meta þróun og horfur í umhverfisáherslum, sviðum, kerfum og stefnum og virkja hagsmunaaðila varðandi nýjungar og önnur viðbrögð sem eru nauðsynleg til að ná fram Græna samkomulaginu í Evrópu.




Heilsa manna og umhverfið

Við munum meta áhrifin vegna eiturefna í umhverfinu og breytt loftslags Evrópu á heilsu manna, og bæta skilning okkar á félagslegum og lýðfræðilegum þáttum sem hafa áhrif á útsetningu og varnarleysi borgara Evrópu. Við munum styðja við Núllmengunarmetnað Evrópu og framkvæmd tengdra aðgerða Evrópu og ríkisaðgerða.

FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn EEA-Eionet fyrir árið 2030



Virkja sjálfbæra Evrópu með traustri og hagnýtri þekkingu fyrir upplýsta ákvarðanatöku um umhverfis- og loftslagsáherslur og lausnir

Sameiginleg framtíðarsýn um sjálfbæra Evrópu

Framtíðarsýn okkar er að gera sjálfbærri Evrópu kleift, með traustri og hagnýtri þekkingu, að taka upplýstar ákvarðanir um forgangsriðun og lausnir, í takt við stefnumótunarmetnað Evrópu.


EEA og Eionet munu saman vera leiðandi tengslanet fyrir þekkingu á umhverfi og loftslagi varðandi stefnumótun á sama stigi og Evrópusambandið og þjóðríkin.

Markmið okkar

Verkefni okkar er að meta gögn og upplýsingar, veita viðeigandi og tímanlega innsýn í framfarir í átt að umhverfis- og loftslagsmarkmiðum um sjálfbæra og tilætlaða samfélagsbreytingar, tryggja stöðugt eftirlit með framkvæmd viðkomandi umhverfis- og loftslagsstefnu.


Við skiljum að metnaðarfullum umhverfis- og loftslagsmarkmiðum Evrópu verður náð með röð ákvarðana og samtengdra valkosta á mismunandi stigum - evrópskum, svæðisbundnum, á landsvísi og staðbundnum - og verður að vinna með lykilaðilum og öðrum samtökum. Við framkvæmd vinnuáætlana okkar munum við vinna í nánú samstarfi við aðra þekkingaraðila.

Til að hafa meiri áhrif munum við einbeita okkur frekar að markvissum og tímabærum samskiptum til að tryggja víðtækan skilning ákvörðunaraðila og almennings.



STEFNUMARKANDI MARKMIÐ 1

Stuðningur við framkvæmd stefnu og umbreytingar á sjálfbærni



Framleiða gagnreynda þekkingu til að styðja við innleiðingu stefnu og þróun nýrra verkefna, til að flýta fyrir og auka umskipti til sjálfbærni.

Þekking okkar, byggð á nýjustu vísindalegu niðurstöðunum og gæðatryggðum gögnum, mun hjálpa Evrópu - Evrópusambandinu, aðildarríkjum þess og öðrum aðildarríkjum EEA og samstarfsríkjum - að ná stefnumarkmiðum sínum, þar með talið þeim sem eru tilgreind í Græna samkomulaginu í Evrópu (e. European Green Deal), 8. aðgerðaáætluninni í umhverfismálum (e. 8th Environment Action Programme) og alþjóðlegum skuldbindingum.

Umhverfisstofnun Evrópu og Evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála mun:


- Framleiða gagnreynda þekkingu til að styðja við innleiðingu stefnu og þróun nýrra verkefna, sem getur flýtt fyrir og aukið umskipti til sjálfbærni
- Þróa frekar og nota fjölbreytt úrval hágæða gagnasafna með langtímastefnurunum sem styður fjölbreytta umhverfis- og loftslagsstefnu
- Tryggja að við notum bestu fáanlegu vísindi með þátttöku vísindanefndar EEA og vísindasamfélagsins alls
- Þróa og deila þekkingu um helstu áskoranir í sjálfbærni og lausnir í orkukerfum, samgöngum, fæðu og byggðu umhverfi
- Takast á við víðtækar áskoranir og tækifæri um umbreytingar á sjálfbærni á sama stigi og bæði Evrópa og þjóðríkin, þar með taldar mögulegar breytingar eins og í fjármálagæiranum og borgunum
- Efla getu okkar til að leggja okkar af mörkum við mat á stefnum og aðgerðum.

Að styðja við samþætt umhverfi og þekkingu á loftslagi í stefnum varðandi efnahag, landnotkunarskipulag og félagslega samheldni - þar með talið dýpri innsýn í virkni hnattrænnar Evrópu og afleiðingar þeirra fyrir stefnuframkvæmdir um alla Evrópu - er í forgangi varðandi þessa stefnu.

Á árunum 2021-2030 munum við einnig styðja viðeigandi stefnumótunarferla ESB svo sem Evrópuönnina (e. European Semester) og Endurskoðun framkvæmda á umhverfisstefnu (e. Environmental Policy Implementation Review) fyrir bættu þekkingu á til dæmis lykilþróun og vísbendingum, hagkvæmum framkvæmdaraðferðum og möguleikum til að auka félagslegar nýjungar til ná markmiðum um sjálfbærni.

STEFNUMARKANDI MARKMIÐ 2

Setja fram tillögur í tíma varðandi lausnir vegna áskorana í sjálfbærni



Skila markvissum tillögum til að upplýsa um stefnu og opinberar umræður, með því að skipuleggja og miðla þekkingu um viðbrögð, þar á meðal nýjar lausnir við samfélagslegum áskorunum

Áhrif og vægi þekkingar EEA og Eionet ræðst af getu okkar og hæfileikum til að koma þeim til viðeigandi opinberra umræðna og stefnumótunar á réttum tíma og á réttu sniði. Til að gera það munum við:

- Auka getu okkar til að fylgjast með og bera kennsl á ný vandamál og virkja hratt viðeigandi þekkingu í tengslaneti okkar og annarra samstarfsaðila
- Efla getu okkar til að verða strax við þekkingarbeiðnum frá stefnumótandi aðilum
- Deila frumlegum lausnum sem framkvæmdar eru á mismunandi stjórnunarstigum í löndum Evrópu
- Þróa og afhenda þekkingu okkar til stefnumótandi aðila og almennings á sniðum sem henta þörfum þeirra, til að auðvelda víðtækari upptöku og notkun við ákvarðanatöku
- Vera í stöðugri þróun varðandi samskiptaaðferðir, farvegi og verkfæri til að tryggja að þekking okkar sé skiljanleg, tiltæk og að allir hafi aðgang að henni, um leið og við styrkjum getu okkar til að tengjast borgarbúum með virkum hætti.

Vísindamenn, sérfræðingar, ákvörðunaraðilar, fjármögnunarstofnanir, borgir og borgaraleg samtök vinna saman með virkri þátttöku að umbreytingarferlunum.

STEFNUMARKANDI MARKMIÐ 3

Að byggja upp sterkari tengslanet og samstarf



Styrkja tengslanet okkar með virkari þátttöku á landsvísu og vinna með öðrum leiðandi samtökum til að auðvelda miðlun þekkingar og sérþekkingar

EEA og Eionet leiða saman hundruð samtaka - evrópskar stofnanir, opinbera aðila og rannsóknarstofnanir víðs vegar um Evrópu. Tengslanet okkar nær til allra aðildarríkja ESB, landa sem taka þátt í aðildarferli að ESB auk fjölda ríkja utan ESB.

Við myndum einstakt þekkingarnet sem tengir öfluga gagna-, greiningar- og vísindalega sérþekkingu við evrópskt, í sumum tilvikum, alþjóðlegt, stefnumótunarferli. Þetta gerir okkur kleift að framkvæma samþætta úttektir sem fjalla um fjölbreytt málefni sem eru studd af traustum gögnum og sérþekkingu.

Til að koma þekkingu, sem Evrópa þarf til að ná markmiðum sínum varðandi sjálfbærni, til skila, munum við:

- Breyta í sveigjanlegra og nýstárlegra tengslanet þekkingar og með því tengja betur þá afgerandi sérþekkingu sem er á landsvísu og koma henni á sama stig og Evrópa er
- Stuðla að virkari þátttöku á landsvísu með starfsemi sem snertir fjölbreyttan hóp yfirvalda, samtaka og almenning
- Taka þátt í viðleitni með öðrum leiðandi tengslanetum, svo sem tengslaneti Umhverfisverndarstofnunar, fréttá- og vísinda netum og samtökum
- Að bera kennsl á og vinna með þekkingarsamfélaginu á evrópskum mælikvarða til að tryggja notkun rannsókna og nýsköpunarfjárfestinga í Evrópu að fullu
- Bera kennsl á nýjar eyður í þekkingu og kanna samvinnuaðgerðir með viðeigandi samstarfsaðilum, þar á meðal stofnunum ESB, svo sem Efnastofnun Evrópu, Matvælaöryggisstofnun Evrópu og Sóttvarnastofnun Evrópu, til að takast á við þær
- Efla enn frekar samstarf við alþjóðastofnanir varðandi lykil svæðisbundin og alþjóðlega ferla, þar á meðal stofnunum og sáttmálum Sameinuðu þjóðanna, um tilkynningarskyldu og málefni sem þau hafa sameiginlegan áhuga á.

STEFNUMARKANDI MARKMIÐ 4

Að fullnýta möguleika gagna, tækni og stafrænnar tækni

Styðja við framkvæmd og frekari þróun stefnuskrár Evrópu, tileinka sér evrópska gagnastefnu og stafræna áætlun, möguleikann á miklum gögnum, gervigreind og jarðfjarkönnunar fyrir bættu upplýsingagjöf

Stafræn tækni, gögn frá nýjum heimildum og jarðfjarskoðun og tölvugeta hefur þróast með áður óþekktum hraða síðasta áratuginn. Þessi þróun býður upp á nýja möguleika sem og nýjar áskoranir. Nýir gagnastráumar á mörgum staðbundnum mælikvörðum eru í auknum mæli felldir inn í gagnahæimildir sem tengjast félagslegum og efnahagslegum breytum og tengjast betur rauntímagögnum úr gervihnattamælingum og athugunum *in-situ* (á staðnum).

Við gerum ráð fyrir að þessi gagnabylting og stafræna þróun muni halda áfram á komandi áratug, til að bæta gagna- og þekkingarstarfið munum við:

- Efla samnýtingu gagna, sjálfvirkni og hagræðingu í eftirliti og skýrslugerð yfir allt tengslanet okkar
- Sem leiðandi evrópskt umhverfisgagnaver munum við gera öll okkar gögn finnanleg, samhæfð, aðgengileg og endurnýtanleg
- Nýta möguleikann á Copernicus gagna- og upplýsingaþjónustunni að fullu, borgaravísindi, miklum gögnum og gervigreind
- Bæta tímanleika, samanburðarhæfi, smáatriði og samþættingu gagna, þar með talið möguleikann á setningu viðmiða
- Tryggja stöðuga gagnadrifna nýsköpun með áherslu á framfarir í gagnavinnslu, greiningu, landfræðilegum upplýsingakerfum, gagnamyndun og líkanagerð fyrir reglulega uppfærslu á vísunum
- Auðvelda miðlun á sérfræðiþekkingu, tæknilegum stuðningi og hagræðingu sem þarf til að innleiða núverandi stefnur betur
- Kanna og, þar sem við á, meta tengsl stafrænnar sjálfbærni og umhverfis- og félagslegrar sjálfbærni.

STEFNUMARKANDI MARKMIÐ 5

Nýta úrræði okkar til að ná sameiginlegum markmiðum




Þróa skipan, sérþekkingu og getu fyrir tengslanet okkar til að mæta þekkingarþörfum sem eru í þróun, tryggja og auka fjölbreytni í þeim úrræðum þar sem það þarf, til að ná fram sameiginlegri framtíðarsýn okkar

Stöðug þróun á þekkingu, tækni, samskiptum og stjórnunarháttum krefst þess að stofnanir og tengslanet aðlagast og uppfæri núverandi skipan og verkfæri og fjárfesta á nýjum sviðum.

Til að vera í fararbroddi í slíkri þróun og ná sameiginlegum markmiðum okkar, munum við:

- Laða að hæfileikaríkt fólk og fjárfesta í starfsfólki okkar til að þróa og viðhalda hæfni og þekkingu sem þarf til að skila þessari framtíðarsýn
- Tryggja stýrða fjölbreytni á fjármagnsgrunni EEA, en jafnframt að standa vörð um hlutverk stofnunarinnar og einnig gæta að sjálfstæði stofnunarinnar
- Leita eftir nauðsynlegri fjármögnun til að nýta fullan möguleika Copernicus gagnanna með öflugtu tengslaneti við aðra lykilaðila sem tengja aukið gagnaflæði við stefnumótandi aðila.
- Auka þátttöku EEA og Eionet í viðeigandi rannsóknarverkefnum ESB og styrkja þar með hlutverk okkar við viðmót vísinda og stefnu
- Kannað fjármögnunarmöguleika með fjármálagerningum ESB til að gera neti okkar kleift að auðvelda framkvæmd stefnu þar sem þess er þörf, og styðja við starfssamfélög
- Efla getu aðildarríkjanna og samstarfsríkjanna til að tryggja að net okkar geti brugðist við breyttum þörfum og kröfum
- Styðja við þróun sérfræðigreina og þekkingarnýjunga í tengslaneti okkar með skipulögðum aðferðum, svo sem með EEA-akademíunni (e. EEAcademy)
- Styðja við þekkingu, sérþekkingu og þarfir sem tengja fulla framkvæmd umhverfis- og loftslagsstefnu ESB og löggjafar á Vestur-Balkanskaga.

Til að ná fram breytingum í sjálfbærni þurfa öll málefnasvið og stig ríkisstjórna að starfa saman til að knýja fram samfélagslegar breytingar og aðgerðir. Þetta felur í sér samfelld framlög frá fjölbreyttum stefnumörkum, allt frá rannsóknum og nýsköpun, efnahag, iðnaði, samkeppni og viðskiptum, til atvinnu, menntunar og velferðar.



Vinnusvæði

Hvert og eitt af fimm stefnumarkandi markmiðunum verður komið til skila í gegnum öll starfssvið okkar.

EEA og Eionet munu gegna lykilhlutverki við að styðja við umhverfis- og loftslagsaðgerðir samkvæmt evrópskum stefnum, Græna samkomulaginu í Evrópu og sérstaklega við framkvæmd 8. aðgerðaáætluninni í umhverfismálum (e. the 8th EAP), sem og alþjóðlegar skuldbindingar Evrópu.

Við munum forgangsraða skilning á samtengingum innan og milli þessara vinnusvæða. Fjallað verður um framleiðslugreinar (landbúnað, skógrækt, sjávarútveg, iðnað) sem og framleiðslukerfi og neyslu (orku, samgöngur, fæðu, byggingar), þar með taldar greiningar á þessum sviðum og kerfum.

1 Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi



Við munum upplýsa og meta aðgerðir sem miða að því að vernda líffræðilegan fjölbreytileika og endurheimta vistkerfi til sjálfbærinnar notkunar, til að mæta þörfum fólksins. Við munum styðja við gagnatengda vöktun, skýrslugerð og mat, samkvæmt stefnu ESB um líffræðilegan fjölbreytileika til 2030, sérstaklega með því að:

- Stuðla að vakta- og athugunarkerfum sem bæta gagnafæði um ástand og þrýsting á líffræðilegan fjölbreytileika, breytingar á sjávar-, vatna- og jarðvistkerfum
- Stuðla að bættum skilning á uppsöfnuðum áhrifum ágenga framandi tegunda, mengunar, loftslagsbreytinga og mikillar notkunar og ofnýtingu náttúruauðlinda, líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfa
- Að efla mat okkar á kerfislægum drifkraftakjörnum sem hafa áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi
- Bæta notkun vistfræðilegra og hagfræðilegra greininga og líkanagerðar, gera úttekt okkar kleift að styðja betur við vistkerfisbundna stjórnunarhætti
- Að styðja við nálgun að náttúrubundnum lausnum, með áherslu á vernd, endurreisn og sjálfbæri stjórnun mikilvægra vistkerfa, einnig í tengslum við aðgerðir til að draga úr loftslagsbreytingum og aðlögun, sem og lífhagkerfi
- Að auka stuðning okkar við árangursríka og heildstæða útfærslu á samtengdum ESB-áætlunum undir græna samkomulaginu í Evrópu, svo sem frá býli á gaffal (e. Farm-to-Fork) og núllmengun (e. Zero Pollution), og tilheyrandi stefnumótun þeirra, meðan við höldum áfram vinnu okkar við að samþætta líffræðilegan fjölbreytileika í öllum atvinnuvegum og náttúruháðum kerfum, eins og fæðu.

2 Lækkun loftslagsbreytinga og aðlögun



Við munum fylgjast með framförum Evrópu í átt að loftslagshlutleysi og seiglu í loftslagsmálum og styðja þróun, framkvæmd og úttektir á viðeigandi stefnumótunum og tilheyrandi aðgerðum, í tengslum við víðtækari sjálfbærismarkmið Evrópu, með því að:

- Safna, setja upp gæðaeftirlit, taka saman og setja í skýrslu viðeigandi gögn og upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda sem og áhrif loftslagsbreytinga, varnarleysi og aðlögun í Evrópu
- Greina og gera úttekt á þessum gögnum gagnvart evrópskum og innlendum mótvægis- og aðlögunar markmiðum og skuldbindingum
- Vakta framkvæmdir og áhrif á innlendum loftslagstengdum stefnum og meðfylgjandi aðgerðum sem beinast að sviðum eins og orku, samgöngum, byggingum, landbúnaði, skógrækt og annarri landnotkun
- Auðkenna samlegðaráhrif og mótvægi við mótvægis- og aðlögunarstefnu við önnur umhverfismál, svo sem líffræðilegan fjölbreytileika, loftmengun, ferskvatns- og sjávarumhverfi
- Þróa þekkingu á lausnum til að takast á við áskoranir varðandi umhverfi og sjálfbæri í orku- og hreyfikerfum.

3 Heilsa manna og umhverfið



Við munum meta heilsufarsleg áhrif af völdum loft-, jarðvegs- og vatnsmengunar, hávaða, eiturefna og breyttu loftslagi í Evrópu. Við munum styðja við núllmengunarmetnað Evrópu og þróun, framkvæmd og úttekt tengdra aðgerða Evrópu og ríkisaðgerða.

- Úttekt á útsetningu og heilsufarslegum áhrifum borgara sem verða fyrir umhverfismengun, eiturefnum og breyttu loftslagi Evrópu
- Úttekt á ávinningi fyrir heilsu og vellíðan sem hreinna umhverfi og heilbrigð vistkerfi geta skilað og öfugt, við að greina nýjar áhættur og heilsufarsleg áhrif tengd niðurbroti vistkerfa
- Styðja við tímanlega skýrslugerð, úrvinnslu og miðun þemagagna og upplýsinga sem greint er frá samkvæmt viðeigandi löggjöf og eftirliti með framförum í átt að stefnumarkmiðum Evrópu
- Að bera kennsl á hvaða áhrif umhverfisþrýstingur frá félagslegum geirum Evrópu hefur á heilsuna, og þann ávinning sem mótvægisáðgerðir og stefnur geta skilað.
- Enn fremur varpa ljósi á það hlutverk sem félagslegir þættir, þar á meðal félagslegur ójöfnuður og einstaklingshegðun, geta gegnt við að hafa áhrif á bæði útsetningu og varnarleysi fyrir streituvöldum í umhverfinu, í samræmi við réttlætunarlegar umbreytingarreglur í Græna samkomulaginu í Evrópu.

4 Hringlaga hagkerfi og auðlindanotkun



Við munum meta framvindu umskipta Evrópu í átt að hringlaga hagkerfi og þekkingu okkar á umhverfinu og loftslagsþrýstingi sem stafar af framleiðslu og neyslu Evrópu á hráefnum, vörum, þjónustu og úrgangi. Við munum styðja við framkvæmd áætlunarinnar um hringlaga hagkerfi og tengda stefnu Evrópu og þjóðríkja með því að:

- Taka út framvindu umskipta Evrópu frá línulegu í hringlaga hagkerfi, með áherslu á helstu lykilvörur og nýstárlegri þjónustu og viðskiptamódel
- Leggja áherslu á tækifæri til að bæta hringrásina, þ.m.t. með endurvinnslu og endurnotkun aukahræfa, notkun á öruggum og sjálfbærum meginreglum, vistvænni nýsköpun og góðum venjum og tilgreina hindranir í átt að betri hringrás
- Fylgjast með framvindu í átt að stefnumarkmiðum Evrópu varðandi úrgangsvörðun og sjálfbæra meðhöndlun úrgangs
- Gera úttekt á áhrifum á umhverfi og loftslag neyslu- og framleiðslukerfa Evrópu frá evrópskum og alþjóðlegum sjónarhornum með áherslu á auðlindaferkar greinar, svo og tengsl milli hringlaga hagkerfisins, frumkvæðis um kolefnavæðingu og lífhagkerfis.

5 Þróun sjálfbæri, horfur og viðbrögð



Við munum upplýsa umræður um áskoranir um sjálfbærni og umbreytinga með því að meta áhrif samlegðar og málamiðlana sem felast í jafnvægi á milli umhverfis, efnahagslegra og félagslegra markmiða með því að:

- Meta þróun og horfur á sjálfbæri í Evrópu og á heimsvísu þvert á umhverfis- og loftslagsáherslur, sviða, kerfa og stefna til stuðnings umhverfi Evrópu 2025 og 2030 - skýrslur um ástand og horfur
- Styðja við mæliramma sem upplýsir um framfarir í forgangsröðun ESB, einkum 8. evrópska áætlunin (e. 8th EAP), Endurskoðun umhverfisframvæmda (e. Environmental Implementation Review), Græna samkomulagið í Evrópu (e. European Green Deal)
- Stuðla að eftirliti og úttekt, með löndum, á framförum í umhverfis- og loftslagsáherslum, við málefnskrá Sameinuðu þjóðanna 2030 og sjálfbærum þróunarmarkmiðum
- Meta gagntengsl milli félagslega-hagfræðilega-umhverfis-stjórnunar víddar sjálfbæri, þar með talið drífandi breytingar, jákvæð áhrif samlegðar og neikvæð ytri áhrif
- Taka þátt, með lykilaðilum, í stefnumótandi framsýni ESB og ferli hagsmunaaðila til að safna innsýn og hagkvæmri þekkingu á leiðum til umbreytinga í sjálfbæri
- Styðja við þróun þekkingar á kerfisbreytingum eins og áhrifum samlegðar, áhættu, nýjungum, samþættingu stefna og samræmi í stefnu - með áherslu á borgir og fjármálageirann
- Meta hvernig sjálfbær fjármál geta örvað viðleitni til að ná fram sjálfbæri innan ramma bataáætlana eftir heimsfaraldur og breytt þjóðhagslegs samhengis.

